

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 8/2016

Kæra Hópkaupa ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 62/2016.

1. Þann 3. júlí 2017 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 8/2016: Kæra Hópkaupa ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 62/2016 frá 6. desember 2016. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Egill Heiðar Gíslason.
2. Með kæru, dags. 2. janúar 2017, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 6. desember 2016 um að hann hafi brotið gegn 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði með því að kynna lækkað verð á ljósmyndanámskeiði án þess að geta sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 30. mars 2016, vakti stofnunin athygli á ábendingum sem henni hefðu borist vegna ljósmyndanámskeiðs sem kærandi hefði auglýst með 40% afslætti á vefsíðu sinni. Kom fram að ábendingarnar lytu á því að ekki hafi verið um eiginlegt afsláttarverð að ræða þar sem viðkomandi vara hefði ekki verið seld á tilgreindu fyrra verði. Í bréfi Neytendastofu var vísað til ákvæða laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þar sem fram kemur m.a. að útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, megi því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Krafðist stofnunin þess að kærandi færdi sönnur á að ljósmyndanámskeiðið hafi í reynd verið selt á því verði sem tilgreint hefði verið sem fullt verð í umræddum auglýsingum. Ekkert svar barst við erindi Neytendastofu og með öðru bréfi, dags. 19. apríl 2016, var erindi stofnunarinnar ítrekað. Ekkert svar barst hins vegar frá kæranda.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

5. Hinn 6. desember 2016 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 62/2016, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, og 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að kynna lækkað verð á ljósmyndanámskeiði án þess að geta sýnt fram á að un raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða. Var kæranda gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 krónur. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar kemur fram að ábendingar neytenda

hafi beinst að því að fyrrgreint ljósmyndanámskeið á vegum vefsíðunnar ljósmyndanámskeid.is, sem auglýst hafi verið hjá kæranda á 40% afslætti, hafi ekki verið selt á tilgreindu fyrra verði áður en tilboðið tók gildi. Um hafi verið að ræða markaðssetningu á sex vikna ljósmyndanámskeiði á verðinu 27.000 krónur og hafi fyrra verð námskeiðsins kynnt sem 45.000 krónur. Í ákvörðuninni eru ákvæði laga nr. 57/2005 og reglugerðar nr. 366/2008 síðan rakin og gert grein fyrir því að tilgangur þeirra sé að koma í veg fyrir að neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um verðlækkunir. Ákvæðin, sem leggi bann við því að auglýsa vöru á sérstöku tilboðsverði ef varan hafi ekki áður verið seld á tilgreindu herra verði, taki til verðlækkana í öllum formum þó svo að þau eigi vitanlega ekki við þegar seljendur geri almenna verðbreytingu án þess að kynnt sé sérstaklega að um tiltekið verðhagræði sé að ræða.

6. Ákvæðunum sé ætlað að tryggja að um verðlækkun sé að ræða sem feli í sér raunverulegt verðhagræði fyrir neytendur. Til þess að ná því markmiði sé kveðið á um að seljandi skuli geta sannað að vara hafi verið seld á því verði sem tilgreint sé sem fyrra verð áður en til verðlækkunar kom. Tilgreint fyrra verð þurfi að vera síðasta verð sem varan hafi verið seld á, auk þess sem gerð sé krafa um að viðkomandi vara hafi verið seld á því verði í nokkurn tíma. Í reglum nr. 366/2008 sé ekki settur fram lágmarkssölutími eða krafa um fjölda seldra vara á fyrra verði heldur sé það metið í hverju tilviki fyrir sig út frá þeim vörum sem um sé að ræða, auk tímalengdar og fjölda annarra verðlækkana á vörunni. Þó sé litið svo á að þegar verðlækkun hafi staðið í sex vikur sé ekki lengur um sérstakt verðhagræði að ræða, heldur teljist hið lækkaða verð vera orðið almennt verð vörunnar. Þannig geri lög og reglur, sem verðlækkun varði, ekki kröfu um að verð vöru sé hækkað að sex vikum liðnum, en gerð sé krafa um að látið sé af því að verðlækkunin sé markaðssett sem slík.
7. Í bréfinu kemur næst fram að með fyrri ákvörðunum Neytendastofu, sem tilkynntar hafi verið kæranda í bréfum, dags. 8. júlí 2014 og 14. apríl 2016, hafi Neytendastofa komist að því að kærandi hefði brotið gegn 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 sem og 3. gr. reglna nr. 366/2008. Hafi kæranda verið bannað að auglýsa vörur til sölu á tilboði þegar ekki væri um raunverulega verðlækkun að ræða og m.a. tekið fram að kærandi gæti ekki talist auglýsingamiðill fyrir aðra seljendur, heldur beri hann ábyrgð á að markaðssetning og annað efni sem fram komi á vefsíðunni sé í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005. Í hvorugu málanna hafi hins vegar þótt tilefni til þess að beita stjórnvaldssektum.
8. Kærandi verði að geta fært sönnur á að fullyrðingar um verðlækkunir sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti á vefsíðu fyrirtækisins og gildi það jafnvel þótt auglýst sé fyrir önnur fyrirtæki. Þar sem kærandi hafi ekki séð sér fært að svara erindum stofnunarinnar eða leggja fram viðeigandi gögn sem sýnt geti fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða á umræddu ljósmyndanámskeiði telji Neytendastofa að kærandi hafi á ný brotið gegn 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 og 3. gr. reglna nr. 366/2008. Kærandi hafi þannig ekki fært viðskiptahætti sína við framsetningu á tilboðsverðum til lögmæts horfs þrátt fyrir fyrri ákvarðanir stofnunarinnar.

9. Samkvæmt a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 geti Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Í málinu liggja fyrir að brotið hafi verið gegn fyrrgreindum ákvæðum. Neytendastofa telji ekki þörf á að afla frekari gagna í málinu til þess að unnt sé að taka stjórnvaldsákvörðun í málinu en skortur á svörum kæranda komi til álita við ákvörðun um álagningu sekta. Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til fyrri brota kæranda, skorts á svörum, annarra sektarákvarðana stofnunarinnar og meðalhöfs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, telji Neytendastofa rétt að leggja á kæranda stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 krónur. Skuli greiða sektina í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

10. Í kæru, dags. 2. janúar 2017, er þess aðallega krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara að fjárhæð sektar verði lækkuð. Þar kemur fram að um það leyti sem kærandi hafi fengið fyrsta bréf Neytendastofu, dags. 30. mars 2016, hafi samningaviðræður staðið yfir um sölu á rekstri fyrirtækisins, sem lokið hafi með undirritun kaupsamnings 29. apríl 2016. Dagana á undan hafi starfsmönnum boðist að flytjast með félaginu til nýrra rekstraraðila, en framkvæmdastjóri félagsins hafi ákveðið að hætta störfum þó svo að hún hafi ætlað að klára þau verkefni sem hún var með í vinnslu. Lögmaður kæranda hafi aðstoðað framkvæmdastjórnann við að svara bréfum Neytendastofu, en svo virðist sem bréfin ásamt fylgiögnum hafi ekki borist Neytendastofu svo sem meðfylgjandi útprentun af tölvubréfi lögmannsins til framkvæmdastjórnans ásamt bréfi og fylgigögnum sýni. Samkvæmt upplýsingum frá Neytendastofu hafi ítrekun erindisins, dags. 23. maí 2016, síðan verið send á tölvupóstfang framkvæmdastjórnans, en hún hefði verið hætt störfum. Ljóst sé því að um handvömm fyrrverandi framkvæmdastjóra kæranda hafi verið um að ræða.
11. Í bréfinu sem hafi átt að berast Neytendastofu hafi komið fram að 17. mars 2016 hafi borist beiðni frá viðkomandi námskeiðshaldara um að auglýsa ljósmyndanámskeið á tilboðsverði, eða á 27.000 krónur í stað 45.000 króna. Námskeiðshaldarinn hafi bent á að samskonar námskeið hefði verið selt á sama tilboðsverð á heimasíðu aha.is. Umbeðin auglýsing hafi birst á heimasíðu kæranda 18. mars 2016. Samskonar námskeið hafi síðan verið til sölu í apríl 2016 á 45.000 krónur, sem sé það verð sem auglýst hafi verið sem fyrra verð í tilboði kæranda. Kærandi hafi kappkostað að svara öllum fyrirspurnum frá yfirvöldum þar sem það sé vilji félagsins að starfa eftir þeim lögum og reglum sem í gildi séu á hverjum tíma. Bréfi kæranda fylgdi tölvubréf lögmanns kæranda til fyrrum framkvæmdastjóra félagsins, dags. 29. apríl 2016, þar sem lögmaðurinn óskaði eftir því að framkvæmdastjórinn prentaði út viðhengi, sem innihélt athugasemdir hans vegna erindis Neytendastofu, og sendi stofnuninni.
12. Með bréfi, dags. 19. janúar 2017, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð stofnunarinnar, dags. 18. janúar 2016, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerðinni kemur fram að þegar meta skuli hvort auglýst verðlækkun sé raunveruleg beri að meginstefnu að leggja til grundvallar að vara þurfi að hafa verið seld á því verði sem afslátturinn miðist við svo að um raunverulega verðlækkun teljist vera að ræða, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 14. júní

2012. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 366/2008 sé það fyrirtækja að færa sönnur á að fullyrðingar um verðlækkun séu raunverulegar. Takist fyrirtæki ekki að sýna fram á það brjótí slíkar fullyrðingar gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og 3. gr. reglna nr. 366/2008.

13. Neytendastofa bendi á að bréf stofnunarinnar, dags. 19. apríl og 30. mars 2016, hafi verið send réttum aðila, þ.e. kæranda. Með símtali 29. apríl 2016 hafi starfsmaður kæranda óskað eftir því að fá bréfin send með tölvubréfi á uppgefið tölvupóstfang, sem hafi verið tölvupóstfang framkvæmdastjórans. Með tölvubréfi, dags. 29. apríl 2016, hafi afrit bréfanna síðan verið send á það tölvupóstfang. Með tölvubréfi Neytendastofu á sama pósthöfund, dags. 23. maí 2016, hafi kærandi verið inntur eftir því hvort svör myndu berast, en svo hafi ekki orðið. Að mati Neytendastofu verði fyrirtæki að bera hallann af því hvernig verkefnum sé úthlutað og sinnt innan fyrirtækisins. Það geti ekki haft áhrif á niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar eða sönnunarbyrði kæranda að rekstur kæranda hafi verið í sölu eða að starfsmaður hafi látið af störfum. Í öllu falli liggja fyrir að kærandi hafi með gagnaframlagningu sinni ekki tekist að sanna með fullnægjandi hætti að verðlækkunin hafi verið raunveruleg. Kynning á samskonar tilboðsverði á sömu vöru á öðrum vefsíðum 1. febrúar 2018 og 18. mars 2016 sýni ekki fram á að fyrra verð sé raunverulegt, enda sýni þau ekki fram á annað en að tilboðið hafi verið auglýst á fleiri stöðum en hjá kæranda. Þá sé ljóst að framlögð ódagsett gögn af vefsíðunni ljósmyndanamskeid.is, útprentuð 29. apríl 2016, sýni ekki fram á að námskeiðið hafi verið selt á hinu tilgreinda fyrra verði. Skuli ítrekað í þessu sambandi að upphaflegt bréf Neytendastofu vegna málsins hafi verið frá 30. mars 2016.
14. Að auki sé bent á að á vefsíðunni Vefsafn.is megi sjá að námskeið hafi verið kynnt á vefsíðu ljósmyndanamskeid.is 5. febrúar 2016 á því sem kallað hafi verið sérstakt tilboð á 27.000 krónur í stað 45.000 króna. Að mati Neytendastofu kunni þetta að benda til þess að námskeiðið hafi í reynd aldrei verið boðið á venjulegu verði heldur sé það í sífellu kynnt á tilboðsverði. Af þessu tilefni megi benda á að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008 gildi sú regla að sé vara eða þjónusta seld á lækkuðu verði í sex vikur skuli lækkað verð vera venjulegt verð.
15. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 19. janúar 2017, var óskað eftir afstöðu kæranda til greinargerðar Neytendastofu. Ekkert svar mun hins vegar hafa borist.

NIÐURSTAÐA

16. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr., laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að auglýsa vörur á afslætti án þess að um eiginlegt lækkað verð hafi verið að ræða. Var kæranda gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 krónur með vísan til a. og b. liða 33. gr. fyrrgreindra laga.
17. Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Þá kemur fram að viðskiptahættir sem brjótí í bága við ákvæði III.

kafla laganna séu alltaf óréttmætir. Ákvæði 9. og 11. gr. eru hluti af III. kafla laganna. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. eru viðskiptahættir villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Samkvæmt d. lið 1. mgr. 9. gr. er hér m.a. átt við rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Í 11. gr. segir síðan: „Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“ Í 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, sem Neytendastofa setti á grundvelli laganna, segir að þegar auglýst sé lækkað verð á vöru eða þjónustu skuli fyrra verð vera það sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Í 2. mgr. 3. gr. segir síðan að seljandi skuli geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð. Auk framangreinds segir í 4. mgr. 6. gr. að fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á.

18. Eins og fyrr greinir er í máli þessu deilt um hvort kærandi hafi mátt auglýsa verðlækkun á umræddu ljósmyndanámskeiði og þá hvort um raunverulega verðlækkun frá fyrra verði hafi verið að ræða. Meðal gagna málsins er skjáskot af vefsíðu kæranda 18. mars 2016 þar sem hin umdeilda auglýsing birtist. Þar sagði m.a.: „6 vikna ljósmyndanámskeið með fjarkennslusniði á aðeins 27.000 kr. (kostar 45.000 kr.)“ og kom fram að um væri að ræða 40% afslátt. Þá liggur fyrir skjáskot af vefsíðunni aha.is, sem birt var 1. febrúar 2016, þar sem auglýst var sambærilegt námskeið á sömu kjörum, eða á 27.000 krónur í stað 45.000 króna. Af þessu er ljóst að á tímabilinu 1. febrúar 2016 – 18. mars 2016 var umrætt ljósmyndanámskeið tvisvar auglýst á 27.000 krónur á sérstöku tilboðsverði. Kærandi hefur hins vegar hvorki lagt fram upplýsingar um auglýst verð fyrir fyrrgreint tímamark né lagt fram kvittanir eða önnur gögn sem sýnt geta fram á að námskeiðið hafi raunverulega selst á 45.000 krónur utan þess tíma sem fyrrgreindar auglýsingar taka til.
19. Kærandi hefur hins vegar lagt fram ódagsett skjáskot af heimasíðu seljanda námskeiðsins þar sem fram kemur að 6 vikna fjarnámskeið í ljósmyndun kosti 45.000 krónur. Í því sambandi er hins vegar til þess að líta í fyrsta lagi að það að vara hafi áður verið boðin til sölu á herra verði getur ekki eitt og sér leitt til þess að um raunverulega verðlækkun teljist vera að ræða í skilningi 11. gr. laga nr. 57/2005 hafi engin sala farið fram á grundvelli þess verðs. Slíkur skilningur myndi enda leiða til þess að söluaðilum væri í lófa lagið að komast framhjá ákvæðinu með því einu að bjóða vöru til sölu í skamman tíma á mun herra verð en raunhæft er að hún seljist á og auglýsa nýtt verð síðan sem afsláttarverð. Það væri illa saman við það markmið 11. gr. að meta slíkan afslátt sem raunverulega verðlækkun og að meginstefnu til hlýtur að verða að leggja til grundvallar að vara þurfi að hafa verið seld á því verði sem afslátturinn miðast við svo að um raunverulega verðlækkun teljist vera að ræða. Fær þetta og stoð í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 56/1978, sem lögfesti ákvæðið, sbr. og frumvarpi því er varð að lögum nr. 8/1993, en í báðum tilvikum er tekið fram að verðlækkun verði að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði „en hann selur samskonar vöru venjulega á“.

20. Í öðru lagi er það við fyrrgreint skjáskot, sem prentað er út af heimasíðu seljanda námskeiðsins, að athuga að það er ódagsett og af því verður því með engu móti ráðið hvort um sé að ræða verð sem varan seldist almennt á áður en kærandi birti sína auglýsingu. Á skjáskotinu eru að vísu að finna tilgreindar dagsetningar næstu námskeiða, sem auglýst eru 29. mars og 11. apríl, en hvorki verður ráðið af texta skjáskotsins hvort um er að ræða árið 2016 eða jafnvel 2015. Í ljósi þess að kærandi hefur að öðru leyti engin gögn lagt fram sem sýnt geta fram á að um eiginlegt afsláttarverð hafi verið að ræða, svo sem honum hefði þó verið í lófa lagið að gera, m.a. með framlagningu greiðslukvittana þar sem greitt var 45.000 krónur fyrir sama námskeið, verður umrætt ódagsett skjáskot eitt og sér ekki lagt til grundvallar sem fullnægjandi sönnun þess að námskeiðið hafi í reynd verið selt á 45.000 krónur.
21. Samkvæmt framangreindu verður að telja að kæranda hafi ekki tekist að sýna fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða. Braut hann því gegn 11. gr. laga nr. 57/2005. Um leið verður að telja að auglýsingin sem birtist hjá kæranda hafi verið líkleg til að blekkja neytendur og falið í sér rangar upplýsingar um verðhagræði í skilningi 9. gr., enda var þar auglýst verð sem ekki verður séð að námskeiðið hafi raunverulega selst á. Af þeirri niðurstöðu leiðir síðan að um óréttmæta viðskiptahætti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. var að ræða, en þar kemur sem fyrr segir fram að viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla, sem inniheldur 9. og 11. gr. séu alltaf óréttmætir. Ennfremur leiðir af framangreindu að kæranda hefur ekki tekist að færa sönnur á þá fullyrðingu að um raunverulega 40% verðlækkun hafi verið að ræða, sbr. 4. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga.
22. Við mat á ákvörðun sektar er m.a. til þess að líta að kærandi hefur áður gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 57/2005 vegna sambærilegra brota og í máli þessu og því um ítrekuð brot að ræða. Þá verður ekki séð að kærandi hafi sýnt samstarfsvilja eða gefið tilefni til að ætla að ekki yrði um frekari brot að ræða, sbr. það sem fyrr greinir um að hvorki svör né frekari upplýsingar bárust Neytendastofu undir rekstri málsins hjá stofnuninni. Skal í því sambandi bent á að engu máli skiptir í þeim efnum hvernig innbyrðis samskiptum starfsmanna kæranda var háttað, eða einstökum starfsmönnum við lögmann hans, og hvort fyrrum framkvæmdastjóri kæranda hafi látið af störfum, enda barst kæranda sannanlega tilkynning um athugun Neytendastofu og bar að ganga úr skugga um að erindinu yrði sinnt án tillits til þess hvort kærandi var í sölufurli eða hvort einstakir starfsmenn hefðu látið af störfum. Með vísan til framangreinds, sektarákvarðana í sambærilegum málum og annarra sjónarmiða sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun eru ekki efni til annars en að staðfesta hana einnig um ákvörðun stjórnvaldssektar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Egill Heiðar Gíslason

Áslaug Árnadóttir